

## Lagalegir fyrirvarar Akta sjóða hf.

### Lagalegur fyrirvari vegna vefsíðu

Upplýsingar á vefsíðu Akta sjóða hf. („Akta“) eru birtar samkvæmt bestu vitund Akta á hverjum tíma. Akta ábyrgist ekki réttmæti upplýsinganna hvort sem þær koma frá Akta eða þriðja aðila. Upplýsingarnar kunna að breytast án fyrirvara.

Upplýsingar á vefsíðu Akta eru almenns eðlis og fela ekki í sér tilboð eða ráðleggingar um kaup eða sölu fjármálagerninga. Notendur vefsíðunnar bera einir ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem birtast á vefsíðunni. Akta ber hvorki ábyrgð á tjóni sem rekja má til upplýsinga sem birtast á vefsíðu Akta né heldur á tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar á vefsíðu Akta. Akta ber heldur ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að ekki er hægt að nota vefsíðuna um lengri eða skemmri tíma.

Akta á höfundarrétt á upplýsingum sem birtast á vefsíðunni nema annað sé tekið fram eða verði leitt af eðli máls. Óheimilt er að dreifa upplýsingunum, afrita þær eða nýta með öðrum hætti án skriflegs samþykkis Akta.

Viðskipti með fjármálagerninga eru áhættusöm í eðli sínu. Verðbreytingar í fortíð gefa ekki endilega vísbandingu um verðbreytingar í framtíð. Akta hvetur viðskiptavinum sína til að afla sér upplýsinga um eðli verðbreytinga viðskipta og eftir atvikum annað sem viðkemur verðbreytingum hjá ráðgjöfum Akta.

### Vafrakökur

Akta notar vafrakökur (e. cookies) til að fylgjast með vafri notenda á vefsvæðinu akta.is, bæta þjónustu Akta og fleira. Vafrakökur gera Akta kleift að senda ákveðnar upplýsingar í vafra notenda sem getur auðveldað notendum aðgang með margs konar aðgerðum. Vafrakökur geyma ekki persónuupplýsingar en geta innihaldið texta, númer og dagsetningar, svo dæmi séu tekin. Með því að samþykkja notkun Akta á vafrakökum er Akta m.a. veitt heimild til að sníða leit og þjónustu við gesti vefsins til samræmis við fyrri notkun þeirra og auðkenningu, að muna eftir fyrri aðgerðum, að þróa og bæta þjónustu vefsins akta.is og að safna upplýsingum um umferð og notkun vefsvæðisins.

Þú getur lokað fyrir notkun á vafrakökum í stillingum vafrans sem þú notar. Í flestum vöfrum er að finna leiðbeiningar um hvernig hægt er að slökkva á vafrakökum.

### Lagalegur fyrirvari vegna tölvupósts

Tölvupóstar og viðhengi sem send eru frá netföngum skráðum á Akta kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og eru eingöngu ætluð skráðum viðtakendum. Sé efni tölvupósts og viðhengja ótengt starfsemi Akta er sendandi einn ábyrgur. Akta vekur athygli á því að hvers konar upplýsingagjöf, afritun eða dreifing þeirra upplýsinga sem fram koma í tölvupóstum og viðhengjum er óleyfileg og kann að varða við lög. Sért þú ekki réttur viðtakandi tölvupóstsins ertu vinsamlega beðinn um að tilkynna sendanda að þér hafi borist þessi tölvupóstur fyrir mistök, að því loknu að eyða tölvupóstinum og viðhengjum hans, ef einhver eru, án þess að geyma afrit, samanber lagaskyldu þar að lútandi skv. 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Akta ber ekki ábyrgð á rangri eða ófullgerðri sendingu upplýsinganna sem tölvupósturinn inniheldur, né heldur á töfum á afhendingu hans eða tjóni sem kann að verða á tölvukerfi móttakanda. Akta ábyrgist hvorki öryggi tölvupóstsins né að hann sé laus við vírusa eða að íhlutun þriðja aðila hafi ekki átt sér stað.

Upplýsingar um fyrirtæki eða fjármálagerninga hafa eingöngu upplýsingagildi og fela ekki í sér tilboð eða ráðleggingar um kaup eða sölu verðbréfa eða þátttöku í fjárfestingum.

## **Upptaka símtala, geymsla og vistun gagna**

Til að tryggja öryggi viðskiptamanns og Akta er viðskiptamanni kunnugt um að viðskiptasímtöl við Akta kunna að vera hljóðrituð án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn. Hið sama gildir um samtöl í gegnum Office Communicator.

Símaupptökur eru gerðar á grundvelli heimildar í lögum um fjarskipti.

Viðskiptamanni er kunnugt um að upptökur kunna að verða lagðar fram í dómsmáli og/eða notaðar sem sönnunargagn í öðrum tilvikum komi upp ágreiningur um hvað aðilum fór á milli. Að öðru leyti skal Akta fara með upptökur líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. 58. til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Öll gögn sem innihalda upplýsingar um viðskipti viðskiptamanna og framkvæmd þeirra eru vistuð hjá Akta í að lágmarki fimm ár.